

**412. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að
Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 10. mars 2010 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Oddviti óskaði eftir tilbrigði við dagskrá og sett yrði á dagskrá fundargerð húsnæðisnefndar dags. 9.mars 2010 undir dagskrárlið nr. 4 og aðrir dagskrárliðir færast neðar sem því nemur. Nýrri dagskrá dreift. Gengið til boðaðrar dagskrár. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- 1. 1002008F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 50**
Til máls tóku BB, GÓ, BGG, BG og EIS. Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 2. 1003036 - Húsnæðisnefnd Tálknafjarðarhrepps fundargerð 7 fundar**
Til máls tóku BB, BGG, BG, GÓ og EIS. Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 3. 1003037 - Húsnæðisnefnd fundargerð 8 fundar**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 4. 1003006F - Húsnæðisnefnd - 9**
 1. töluliður er tekinn út og hreppsnefnd samþykkir að leiga verði reiknuð upp eftir vísitölu á þriggja mánaða fresti frá og með 1. apríl. Samþykkt einróma.
 2. töluliður: Hreppsnefnd tekur heilshugar undir starfsreglur, en leggur til að trygging verði andvirði þriggja mánaða leigu á íbúð eins og leigan er í upphafi leigutíma. Útbúið verði samræmt umsóknareyðublað vegna leigu. Samþykkt einróma.Liðir 3-5 staðfestir samhljóða.
- 5. 1003022 - Fjórðungssamband Vestfirðinga bréf dags 16 febrúar 2010 fundargerðir stjórnar FV 4.11.2009, 6.1.2010 og 2.2.2010**
Lagt fram til kynningar.
- 6. 1003018 - Minjasafn Egils Ólafssonar fundargerð stjórnar, verkefnaáætlun, fjárhagsáætlun, auglýsing**
Lagt fram til kynningar.
- 7. 1003014 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða fundargerð heilbrigðisnefndar 19 febrúar 2010**
Lagt fram til kynningar.
- 8. 1002064 - Hafnasamband Íslands fundargerð 325 fundar stjórnar dags 22 janúar 2010**
Lagt fram til kynningar.

- 9. 1003001 - Hafnasamband Íslands fundargerð 326 fundar stjórnar 19 febrúar 2009**
Lagt fram til kynningar.
- 10. 1003006 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 772 fundar stjórnar þann 26 febrúar 2010**
Lagt fram til kynningar.
- 11. 1003031 - Tilboð í hönnun fráveitu á Tálknafirði**
Ákvörðun frestað til næsta fundar. Samþykkt einróma.
- 12. 1003021 - Lögreglustjórinn á Vestfjörðum varðar lögreglusamþykktir á Vestfjörðum**
Hreppsnefnd afgreiddi erindið á 390. fundi sínum árið 2008.
- 13. 1003016 - Sparisjóðurinn í Keflavík bréf til stofnfjáreigenda.**
Lagt fram til kynningar.
- 14. 1003012 - Tilfærsla þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga**
Bjarnveig og Eyrún upplýstu um fund sem þær sóttu vegna þessa máls, og kynntu tímaáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna málsins.
- 15. 1003013 - Tilfærsla málefni fatlaðra**
Hreppsnefnd fagnar erindi Vesturbyggðar og mun mæta til viðræðna um sameiginlega stefnu í málinu. Oddvita falið að finna fundartíma. Samþykkt einróma.
- 16. 1001025 - Vestfjarðavegur greinargerð Vegagerðarinnar um stöðu mála**
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir yfirlýsingu bæjarráðs Vesturbyggðar frá 1.mars s.l. þar sem lýst “er þungum áhyggjum yfir þeim tölum” sem orðið hafa við uppbyggingu Vestfjarðavegar 60 og bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 4.mars s.l. þar sem segir m.a. að “samgönguyfirvöld verði að setja þessa bráðnauðsynlegu framkvæmd í tafarlausan forgang til að koma sunnanverðum Vestfjörðum í mannæmandi vegasamband hið fyrsta”. Þá styður hreppsnefnd eindregið þá áður samþykktu stefnu að endurbyggja veginn samkvæmt B-leið/línu á svæðinu frá Þorskafirði vestur fyrir Skálanes við Kollafjörð. Oddvita falið að óska eftir fundi með samgönguyfirvöldum vegna málsins.Samþykkt samhljóða.
- 17. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Farið yfir stöðu mála, m.a. vegna samninga um heita vatnið, uppgjör vegna smalamennsku í Tálkna, einnig farið yfir sumarstörf, bæði vegna íþróttahúss og einnig vegna unglingsvinnu.
- 18. 1003035 - Umhverfisráðuneytið dagur umhverfisins 2010 viðburðir og viðurkenningar**
Lagt fram til kynninga.
- 19. 1001022 - Beiðni um umsögn um umsókn Íslenska kalkpörungafélagsins ehf um leitar- og rannsóknarleyfi á kalkpörungasetri í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði**
Lagt fram til kynningar.

- 20. 1003015 - Bolungarvíkurkaupstaður ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða ofl gögn**
Lagt fram til kynningar.
- 21. 1003017 - Ferðaþjónusta Ráðgöf fyrir sveitarfélög**
Lagt fram til kynningar.
- 22. 1003003 - Skipulagsstofnun bréf dags 23 febrúar 2010 kynning skipulagstillögu með fullnægjandi hætti**
Lagt fram til kynningar.
- 23. 1003020 - Lýðheilsustöð bréf dags 12 febrúar kynningarbæklingur um verkefnið öruggt samfélag**
Lagt fram til kynningar.
- 24. 1003030 - Skipulagsstofnun ekki nægir fyrir sveitarstjórnir að staðfesta fundargerðir án umræðu**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:05

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____